

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogur

Reykjavík, 13. janúar 2023
UST202201-222/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til rannsóknarborana í Bláfjallafólkvangi

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dagsett 21. janúar 2022 með viðbótarupplýsingum dags 13. janúar 2023, um leyfi til framkvæmda borunar á rannsóknarborholum innan Bláfjallafólkvangs.

Bláfjallafólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 173/1985. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt lið a. 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta eldhraun séstakrar verndar. Skv 3 mgr. 61. gr ber að forðast að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til. Skyld er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til borunar á fjórum nýjum rannsóknarholum til grunnvatnsmælinga innan Bláfjallafólkvangs. Fyrirhugaðar borholur eru vöktunarholur, sem er ætlað að styrkja grunnvatnslíkan Vatnaskila með áherslu á Bláfjallasvæðið í tengslum við áform um framkvæmdir á skíðasvæðinu. Íslenskar Orkurannsóknir (ÍSOR) komu með tillögur að staðsetningu holanna, að beiðni framkvæmdaraðila. Uppfærðar upplýsingar um staðsetningu borholu 1 og aðkomuslóða að henni bárust 13. desember 2023. Með umsókn fylgdu hnitaskrár sem sýna staðsetningu fyrirhugaðra borhola, kort sem sýnir staðsetningu þeirra og legu aðkomuslóða, minnisblað þar sem farið er yfir hönnunarforsendur og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu vegna fyrirhugaðra framkvæmda á skíðasvæðinu í Bláfjöllum frá 26. apríl 2019. Í niðurstöðu skipulagstofnunar kom fram að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Allar holurnar eru innan fjarsvæðis vatnsverndar að holu 2 undanskilinni, en hún er utan vatnsverndar. Þá liggja aðkomuslóðar að mestu innan fjarsvæðis vatnsverndar. Einungis er sá hluti slóðar sem liggur að holu 2, sem er innan Hafnarfjarðar, utan vatnsverndarsvæðis. Í tengslum við framkvæmdirnar þarf að lagfæra slóða sem eru fyrir á svæðinu til að koma tækjabúnaði að borstað eða gera nýja slóða. Við holu 1 verður gerður 1100 metra langur nýr slóði. Slóðinn yrði 3 metra breiður og 30 cm á hæð. Núverandi slóði

að holu 2 verður lagfærður og efni borið í hann. Heildarlengd slóðans eru um það bil 1900 metrar, þar af 800 metrar samnýttir slóðanum sem liggur að holunni „Heiðin Há“. Fyrir holuna „Heiðin Há“ verður núverandi slóði lagfærður. Hann er um 2050 metrar en um það bil 800 metrar eru samnýttir með aðkomuvegi að Holu 2. Ekki er þörf á aðkomuslóða að holu 3. Hægt er að nýta Bláfjallaveg nr. 417 sem hefur verið lokaður almennt umferð til að komast að borsvæðinu. Framkvæmdir munu fara fram á tímabilinu apríl til nóvember 2023.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdir við holu 2, holu 3 og holuna Heiðin Há ekki líklegar til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Borholustaðirnir og þær leiðir sem liggja að þeim liggja að mestu um áður raskað svæði. Framkvæmdir við holu 1 eru ekki taldar hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfis en stofnunin telur að áhrif lagningu aðkomuslóða geti haft neikvæð áhrif á náttúrufar, ásýnd og verndargildi svæðisins sé ekki vandað til verka en farið verður um áður óraskað svæði. Stofnunin telur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum slóðalagningarinnar sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun veitir Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum vegna borholu 1, 2, 3 og „Heiðinn Há“ innan Bláfjallafólkvangs sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 1. apríl til 30. nóvember 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Almenn skilyrði sem eiga við um framkvæmdina í heild sinni.

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka ökutækjum og vinnuvélum vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdarsvæðis skal haldið í lágmarki. Þar sem þarf að að breikka núverandi slóða skal þess gætt að breikka þá ekki meira en nauðsynlegt er og einngöngu þar sem þörf er á.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Koma skal upp merkingum við framkvæmdarsvæði til upplýsingar um hverskonar framkvæmdir eiga sé stað og framkvæmdartíma. Tryggja skal að aðrir en verktakar og starfsmenn verkefnisins séu ekki að keyra eftir aðkomuslóðunum á meðan framkvæmdir eru í gangi og að þeim loknum.
- Þar sem við á skal koma upp hjáleiðum fyrir gangandi gesti svæðisins á meðan framkvæmdir fara fram.

- Færa skal slóða sem liggja að rannsóknarholum 2 og heiðin há aftur í upprunalegt horf að framkvæmdum loknum.
- Halda skal stærð borplana í lágmarki og skal leita leiða til að fjarlægja/afmá þau þar sem hægt er til að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar að framkvæmdartíma loknum.
- Þess skal gætt við framkvæmdirnar að þær fari fram á tímum þar sem þær valda sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti.
- Við uppgræðslu skal notast við staðargróður.
- Þess skal gætt að allur úrgangur vegna framkvæmdarinnar verði fjarlægður.
- Losun ferðasalerna ef þau verða notuð skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.

Sérstök skilyrði vegna lagningu slóða að borstað borholu 1

- Starfsmaður Umhverfisstofnunar skal vera viðstaddur þegar endaleg leið aðkomuslóða að borholu 1 er ákvörðuð á framkvæmdarstað.
- Haga skal hönnun og framkvæmd við aðkomuslóða að borholu 1 þannig að hann sé lágstemandur og falli vel í landið. Forðast skal skeringar/mikla fláa og skal slóðinn liggja lágt í landinu. Halda skal hæð hans og breidd í lágmarki og ekki koma fyrir sérstökum snúningstæðum. Þar sem hæð undirlags er ójöfn er heimilt að slóðinn nái í allt að 30 cm á hæð og þá einungis á þeim köflum þar sem er þörf fyrir hækkunina.
- Notast skal við léttar vinnuvélar og ökutæki sem eiga auðvelt með að athafna sig á slóðanum og eru ekki það þungar að þær valdi raski þegar keyrt er yfir hraun og hellasvæði.
- Þegar verkið er boðið út skal gera kröfu um að verktaki ráði yfir þeim tækjabúnaði sem hentar aðstæðum á framkvæmdarsvæðinu varðandi stærð og þyngd og verktaki geti farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fram í þessu leyfi.
- Afmá skal aðkomuslóðan að holu 1 að framkvæmdartíma loknum.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda þarf fyrir verkefninu.

Sækja þarf um leyfi til Heilbrigðiseftirlits Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs fyrir borun hola 1, 2 og 3 og til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir borun holunnar á Heiðinni há.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

René Biasone
sérfræðingur